

|                   |                                                                      |                                                                                     |
|-------------------|----------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>                                  |  |
| Útgáfa: 08        |                                                                      |                                                                                     |
| Dags.: 30.08 2011 | <b>Öldrunarhjúkrun (Hjú 203)</b><br><b>Kennsluáætlun Vorönn 2013</b> |                                                                                     |
| Höfundur: HRS     |                                                                      |                                                                                     |
| Samþykkt:SHJ      |                                                                      |                                                                                     |
| Síða 1 af 3       |                                                                      |                                                                                     |

**Kennari:** Hannesína Scheving. Netfang [hannasch@vma.is](mailto:hannasch@vma.is)

### Áfangalýsing:

1. Í áfanganum er fjallað um stöðu aldraðra í samfélaginu og þætti sem móta hana.
2. Heilbrigðislöggjöfin og lög um félagslega þjónustu eru kynnt.
3. Viðhorf nemanda og aldraðra sjálfra til öldrunar eru skoðuð.
4. Helstu kenningar um öldrun eru raktar og hvernig þær móta aðgerðir stjórnvalda í öldrunarmálum. Farið er yfir helstu andlegar, félagslegar og líkamlegar breytingar sem fylgja hækkandi aldri.
5. Lögð er áhersla á heilsueflingu og lífsgæði aldraðra.
6. Helstu heilsufarsvandamálum aldraðra og viðeigandi hjúkrun eru gerð skil.
7. Fjallað er um ofbeldi gegn öldruðum.
8. Kynntur verður tilgangur og notkun RAI-mats (raunverulegur aðbúnaður íbúa), vistunarmats og viðurkenndrar hjúkrunarskráningar.
9. Fjallað er um lífslok og þau tengd siðfræðilegri umræðu. Fjallað er um mismunandi siðvenjur við lífslok.

### Meginmarkmið:

Að nemandi viti hvernig hægt er að efla heilbrigði og virkni aldraðra og auka lífsgæði þeirra. Að nemandi sé fær um að hjúkra öldruðum á heildrænan hátt í umhverfi þeirra innan og utan stofnana.

### Áfangamarkmið: Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:

- geta gert grein fyrir þeim líkamlegu, andlegu og félagslegu breytingum sem fylgja hækkandi aldri
- geta skýrt mismunandi hliðar aldurshugtaksins
- geta skýrt frá helstu kenningum um öldrun og tengt þær félagslegum úrræðum aldraðra
- geta gert grein fyrir lögbundnum réttindum aldraðra samkvæmt heilbrigðislöggjöfinni
- geta gert grein fyrir viðhorfum sínum og samfélagsins til aldraðra og helstu áhrifapáttum
- geta útskýrt mikilvægi þverfaglegrar samvinnu í öldrunarþjónustu
- geta gert grein fyrir áhrifum breytinga á aðstæðum og umhverfi á líðan aldraðra
- þekkja helstu áhrifapætti í heilbrigði aldraðra svo sem félagslega virkni, hreyfingu, hvíld, mataræði og andlega vellíðan
- geta gert grein fyrir helstu þáttum sem hafa áhrif á lífsgæði aldraðra
- þekkja algengustu sjúkdóma og heilsufarsvandamál sem hrjá aldraða
- geta sagt frá aðferðum og mælitækjum sem notuð eru til að meta vitsmunalega færni, sjálfsbjargargetu og aðstæður aldraðra
- þekkja til viðurkenndrar hjúkrunarskráningar
- geta útskýrt mikilvægi virðingar og sjálfsákvörðunarréttar hins deyjandi
- geta skilgreint tilgang líknandi meðferðar
- þekkja til kenninga um sorgarferlið
- geta gert grein fyrir mismunandi siðvenjum eftir trúarbrögðum við andlát
- geta útskýrt reglur sem gilda um andlát í heimahúsi

### Námsgögn:

Kennslubækur: Efni frá Nínu Þóru Rafnsdóttur (2003) *Öldrunarhjúkrun* (sett á Moodle)

|                   |                                                        |                                                                                     |
|-------------------|--------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GAT-045      | Verkmenntaskólinn á Akureyri                           |  |
| Útgáfa: 08        |                                                        |                                                                                     |
| Dags.: 30.08 2011 | Öldrunarhjúkrun (Hjú 203)<br>Kennsluáætlun Vorönn 2013 |                                                                                     |
| Höfundur: HRS     |                                                        |                                                                                     |
| Samþykkt:SHJ      |                                                        |                                                                                     |
| Síða 3 af 3       |                                                        |                                                                                     |

**Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn 4,5 út úr annarprófinu til aðrir þættir verði reiknaðir með í lokaeinkunn.**

Dagsetning:

*7/1/12*  
*Hannesins Sol*

Undirritun kennara

*Maria T.*  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils